Námsgrein: Samfélagsgreinar 8. bekkur

Kennari: Harpa Ásgeirsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 klukkustundir

Kennsluaðferðir og skipulag: Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur læri að greina aðalatriði frá aukaatriðum, tjái sig um verkefni sín og noti hugtök sem tengjast viðfangsefnum, nýti tækni sem hentar við verkefnavinnu.
Sjálfbærni	Nemendur læra um sjálfbæra þróun og áhrif mannsins á umhverfið. Ábyrg nýting auðlinda og ábyrga neyslu. Læra að taka upplýstar ákvarðanir um samfélagsmál.
Heilbrigði og velferð	Nemendur vinna sjálfstætt og í hóp, taka þátt í samvinnuverkefnum. Fá tækifæri til þess að vinna út frá áhuga og styrkleikum.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur hafa áhrif á verkefnaskil og nýta eigin styrkleika og hentugar leiðir.
Jafnrétti	Nemendum fá jöfn tækifæri til að læra og vinna með viðfangsefni út frá eigin forsendum.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að leggja fram eigin hugmyndir og beita sköpunarkrafti sínum við fjölbreytt verkefni. Nemendur virkja hugmyndarflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Jörðin okkar	Um víða veröld: Jörðin Efni af netinu	Nemandi getur: • Kannist við hugtekið auðlind og átti sig að einhverju leyti á tilgangi þess að fara sparlega með auðlindir heimsins. • Kannist við hugtakið sjálfbær þróun og geti útskýrt það á einfaldan hátt.	Áhersla er lögð á fjölbreytt og styðjandi námsmat sem mætir nemendum á mismunandi hátt. Námsmat felur í sér verkefnaskil, bæði munnleg verkefni og skrifleg en einnig skapandi verkefni. Námsmat í samfélagsgreinum á sér stað í kjarnatímum samfélagsgreina og samþættingu námsgreina – Bland í Borgó
Fjölskyldan á 20. öld	Fjölskyldan á 20. Öld Á ferð um samfélagið Efni af netinu	Nemandi getur: • Geta útskýrt hvernig fjölskyldur og skipulag fjölskyldna hafa þróast. • Geta borið saman fjölskyldur á mismunandi tímum og menningarsvæðum. • Borið saman ólíkar aðstæður og líf fólks. • Geta sagt til um hvað heimildir eru og hvers vegna þær eru mikilvægar.	
Ameríska Byltingin **Franska byltingin** **Iðnbyltingin** **Fyrri heimstyrjöldin**	Á ferð um samfélagið Styrjaldir og kreppa Lýðræði og tækni Efni af netinu	Nemandi getur: • Geta sagt frá mikilvægum atburðum í sögunni og sett þá í einfalt samhengi. • Skilja orsök og afleiðingu atburða.	
Trúarbrögð		Nemandi getur: • fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. • útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, skoðað áhrif þeirra á líf einstaklinga og hópa. •	
Búseta og skipulag		Nemandi getur: • Borið saman ólíkar aðstæður og lífshætti fólks.	

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:



Nemendur læra um auðlindir, mikilvægi þess að fara sparlega með þær og sjálfbæra þróun.



Nemendur skoða hvernig hlutverk karla, kvenna og barna innan fjölskyldunnar hafa breyst.



Nemendur bera saman ólíkar fjölskyldur, lífskjör og aðstæður fólks á mismunandi tímum og stöðum.

Nemendur læra að virða fjölbreytileika og ólíkar lífsskoðanir.



Nemendur skoða orsakir og afleiðingar stríðs og mikilvægi friðar.

Nemendur skoða hugmyndir um réttindi, frelsi, lýðræði og stjórnarfar.